

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	15.10.2014	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Þórhallur Jónsson	Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi vegna starfseminnar rann út 1. febrúar 2014, drög að nýju starfsleyfi lágu fyrir þegar starfsstöðin var heimsótt. Þau urðu að gildu starfsleyfi þann 29. október 2014. Nýtt starfsleyfi gildir í 16 ár frá útgáfudegi.

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni en magn fitu og svifagna í fráveituvatni eru yfir starfsleyfismörkum. Gerðar voru athugasemdir við framkvæmd sýnatöku á fráveituvatni og við frágang á botnlagi í lekavarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins. Á honum kom fram að starfsleyfi vegna starfseminnar rann út 1. febrúar sl. Drög að nýju starfsleyfi lágu fyrir og fór eftirlitið fram í samræmi við þau.

Fram kom að vinnslan á árinu var eingöngu bundin við kolmunnavertíð. Fyrsti vinnsludagur var 19. apríl og stóð vinnslan yfir til 1. júlí. Á tímabilinu var unnið úr um það bil 24.000 tonnum af kolmunna að viðbættum rúmlega 500 tonnum af afskurði frá vinnsluskipum. Tilkynnt var um gangsetningu verksmiðjunnar með tölvupósti frá verksmiðjustjóra þann 21. apríl. Ekki er gert ráð fyrir að vinnsla hefjist í verksmiðjunni á ný fyrr en eftir áramót.

Ein kvörtun var tilkynnt til eftirlitsaðila á árinu en þann 27. júní var tilkynnt um grút í sjónum við verksmiðjuna. Við eftirgrennslan kom í ljós að um litað þvottavatn var að ræða en ekki fitu. Ekki þótti aðgerða að nokkru lagi þar sem ekki var um brot á starfsleyfi að ræða.

TVN-gildi í hráefni er mælt og skráð reglulega og niðurstöður sendar til eftirlitsaðila. Magn TVN í hráefni mældist í eitt skipti yfir viðmiðunarmörkum starfsleyfis. Tilkynnt var um atvikið með tölvupósti frá verksmiðjustóra þann 14. maí.

Unnið er að gerð áætlunar vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar í samræmi við lið 1.5 í starfsleyfisdrögum. Þeirri vinnu var hinsvegar ekki lokið þegar eftirlitið fór fram.

Í drögum að starfsleyfi var ákvæði um að hraða útblásturslofts frá skorsteini þyrfti að mæla fyrir 1. janúar 2015. Að mati fulltrúa fyrirtækisins var mikilvægt að breyta þessari dagsetningu áður en starfsleyfi yrði gefið út þar sem engin vinnsla hefur verið í verksmiðjunni frá því í sumar og ekki útlit fyrir að vinnsla hefjist fyrr en í fyrsta lagi í janúar 2015. Í útgefnu starfsleyfi hefur þessi dagsetning verið færð til 1. janúar 2016.

Mælingar á frárennsli frá verksmiðjunni fóru fram sl. sumar. Mæld voru gildi svifagna, fitu og BOD í frárennsli frá verksmiðjunni Niðurstöðum var skilað í eftirlitsferðinni ásamt upplýsingum um rennsli og útreikningum á losun frá verksmiðjunni. Gildi BOD var umreiknað í COD. Fram kom að sýnatakan fór fram á síðasta vinnsludegi fyrir stopp og hráefni í vinnslu var síldar- og makrílafskurður frá vinnsluskipum. Sýnatakan gefur því ekki dæmigerða mynd af ástandi frárennslisvatns frá verksmiðjunni.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2013 var skilað í apríl. Í bókhaldinu koma meðal annars fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1. í starfsleyfisdrögum.

Fram kom að áfram er unnið að lausn á fráveitumálum frá starfsmannaaðstöðu í samstarfi við Seyðisfjarðarkaupstað. Gert er ráð fyrir því að rotþrær verði settar niður á fráveituna og að framkvæmdir geti hafist fljótlega.

Gegnið var um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma svar skoðuð en byggingu lauk í lok árs 2013. Engin vinnsla var í gangi í verksmiðjunni en unnið var að almennu viðhaldi. Umhverfi verksmiðjunnar var snyrtilegt og hvergi sáust ummerki um mengun af nokkru tagi sem rekja mátti til starfseminnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 2.17 í starfsleyfi	Magn fitu og svifagna eru yfir losunarmörkum starfsleyfis. Fita í frárennsli frá fitugildru mælist 685 mg/l. Heildarlosun svifagna reiknast 1286 g/tonn hráefnis.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1.

sýnataka á fráveituvatni þarf að fara fram þegar hefðbundin vinnsla er í gangi þannig að hún gefi sem réttasta mynd af ástandi fráveituvatns.

Athugasemd 2.

Ganga þarf frá leirlagi í botni lekavarnarþróar

ANNAÐ

Vakin er athygli á því að samkvæmt nýju starfsleyfi eru viðmiðunarmörk fyrir TVN 100 mg N/100 g í stað 120 mg í eldra starfsleyfi verksmiðjunnar.

Vakin er athygli á því að samkvæmt nýju starfsleyfi eru í grein 2.9 sett mörk um losun ryks frá olúbrennurum

Reykjavík, 30.10.2014



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.